



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2019

Minjasafn Austurlands
Ársskýrsla 2019

© Minjasafn Austurlands
Öll réttindi áskilin
Forsíðumynd: Frá sýningunni Slífsi
Útgefandi: Minjasafn Austurlands
Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir
Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir
ISSN 1670-8059
Egilsstaðir, 2020

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Starfsmannamál	5
3. Störf stjórnar.....	5
4. Opnunartímar	6
5. Rekstur og fjármál	6
6. Styrkir.....	7
7. Safnkostur: Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán	7
7.1 Afhendingar og skráningar	7
7.2 Útlán gripa og notkun í útgáfu.....	7
7.3 Kjarvalshvammur	8
8. Gestafjöldi og heimsóknir	9
9. Húsnæðismál	9
9.1 Vinnuaðstaða starfsfólks.....	10
9.2 Eftirlit Safnaráðs.....	10
10. Sýningar	11
10.1 Grunnssýning	11
10.2 Slifsi.....	11
10.3 Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld.....	12
10.4 Æskan á millistríðsárunum - vefsýning.....	12
11. Viðburðir og verkefni.....	12
11.1 Sér hún hátt og vítt um veg.....	13
11.2 Öskupokasmiðja	13
11.3 Handverk og hefðir	13
11.4 Frauen Fische Fjorde	14
11.5 Líða fer að jólum: Fjölskyldusamvera á aðventu	15
12. Heimasíða og samfélagsmiðlar	15
13. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir	16
14. Safnfræðsla.....	16
14.1 Skólaheimsóknir	17
14.2 BRAS	17
14.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða	18
14.4 Haustþing KSA og SKAUST	19
14.5 Hauksbókarsjóður	19
15 Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf.....	19
15.1 Fundir og seta í stjórnnum og starfshópum	19
15.2 Farskóli FÍSOS	20
15.3 Aðild að félögum	21
15.4 Ljósmyndasafn Austurlands	21
16. Lokaorð	21

Formáli

Hugtakið *barnamenning* hefur rækilega fest sig í sessi í samfélaginu og þá ekki síst innan menningarstofnana. Barnamenningu má skipta í þrennt: í fyrsta lagi menningu fyrir börn, í öðru lagi menningu með börnum og í þriðja lagi menningu sem er sköpuð af börnum. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld lagt áhersla á að efla barnamenningu og hefur það m.a. birst í áherslum ýmissa sjóða sem stofnanir geta sótt um styrki úr. Barnamenningarhátíðir hafa einnig skotið upp kollinum víða um land þar sem börn hafa fengið tækifæri til að njóta menningar og skapa sína eigin. BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, er gott dæmi um slíka hátíð en hún var fyrst haldin árið 2018 og er svo sannarlega komin til að vera. Meðal markmiða hátíðarinnar er að búa til vettvang þar sem öll börn á Austurlandi geta unnið saman á jafningjagrundvelli óháð móðurmáli, tungumálakunnáttu og búsetu.

Börn eru án efa einn mikilvægasti markhópur safna. Það er mikilvægt að börn læri snemma að á söfn má sækja bæði afþreyingu og fræðslu. Lengi býr að fyrstu gerð og börn sem hafa lært að meta söfn eru líklegri til að nýta þau í framtíðinni. Það er mikilvægt að þau finni að þau séu velkomin á söfnum og að þar sé eitthvað í boði fyrir þau.

Á árinu 2019 samþykktu íbúar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótshálfhéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar að sameinast í eitt sveitarfélag. Þar með verður til stórt og víðfemt sveitarfélag með sex grunnskólum, sex leikskólum, tveimur viðurkenndum söfnum og enn fleiri smærri söfnum. Með sameiningunni verða bæði til áskoranir og tækifæri. Það er mikilvægt að tryggja jafnt aðgengi allra barna sveitarfélagsins nýja að menningu og menningarstofnunum þess, þannig að þau fái öll sömu tækifæri til að fræðast, njóta og skapa. Það er mikilvægt að hugað verði að tækifærum barna um allt sveitarfélagið, að stofnanir og skólar verði hvött til samstarfs og komið verði til móts við báða aðila svo af samstarfi megi verða.

Minjasafnið hefur á undanförnum árum lagt metnað í að þjónusta skóla um allt Austurland. Gott dæmi um þá viðleitni er námsefni Minjasafnsins en eitt markmiða þess er að auka möguleika kennara og nemenda til að nýta safnið, jafnvel þótt þeir eigi þess ekki kost að heimsækja það.

Margvíslegir möguleikar opnast einnig við sameininguna þegar kemur að samstarfi safna, t.d í tengslum við markaðssetningu, viðburðahald, safnfræðslu og fleiru. Mikilvægt er að mótuð verði skýr stefna í málefnum safna í sveitarfélaginu til þau megi öll vaxa, dafna og blómstra. Minjasafn Austurlands mun ekki láta sitt eftir liggja í slíku samstarfi.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

1. Inngangur

Starfssemi Minjasafns Austurlands var blómleg og fjölbreytt á árinu 2019. Safnið tók virkan þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, með fjölbreyttum smiðjum fyrir skóla og almenning, áfram var haldið með framkvæmdir í Kjarvalshvammi og boðið var upp á fyrirlestra og námskeið auk hefðbundinna sýninga. Fjöldi almennra gesta hélst svipaður en nemendum sem komu í skipulagðar heimsóknir á safnið fjölgaði. Mannabreytingar urðu hjá safninu, stöðugildi voru aukin og hafin var undirbúningur að breytingum á vinnuaðstöðu starfsfólks sem miða að því að bæta vinnuskilyrði. Starfskonur sóttu fróðlegan Farskóla safnmanna á Patreksfirði og áfram var tekið á móti gripum og unnið hörðum höndum að því að skrá og ljósmynda safnkostinn, bæta eldri skráningar og gera skráningar aðgengilegar á vefnum. Hér á eftir verður stiklað á stóru og farið yfir helstu þætti í starfsemi Minjasafnsins á árinu 2019.

2. Starfsmannamál

Starfsmannamál Minjasafnsins tóku breytingum á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir var áfram safnstjóri í 100% starfi og Beata Brodowska gegndi stöðu sérfræðings á sviði varðveislu í 100% starfi. Edda Björnsdóttir, sem hafði starfað á safninu frá árinu 2007 í 50% starfi, hætti störfum um mitt árið. Í hennar stað var ráðin Eyrún Hrefna Helgadóttir, þjóðfræðingur og MA í hagnýtri menningarmiðlun. Hún hóf störf 1. september í 80% stöðu sérfræðings á sviði fræðslu og miðlunar. Rannveig Lóa Haraldsdóttir var ráðin sem sumarstarfsmaður frá 1. maí til 31. ágúst og sinnti hún gæslu og gestamóttöku á Minjasafninu á móti föstum starfsmönnum auk þess að koma að skráningarverkefnum.

3. Störf stjórnar

Í upphafi árs var stjórn safnsins skipuð þeim Ásdísi Helgu Bjarnadóttur (formaður), Steinari Inga Þorsteinssyni (ritari) og Guðrúnu Rögnu Einarsdóttur fyrir Fljótsdalshérað; Kristjönu Björnsdóttur (varaformaður) fyrir Borgarfjarðarhrepp og Þórdísi Sveinsdóttur fyrir Fljótsdalshrepp. Varamenn voru Jónína Brynjólfsdóttir, Sigrún Blöndal og Sigríður Þráinsdóttir fyrir Fljótsdalshérað og þeir Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjarðarhrepp og Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp.

Í júlí sagði Steinar Ingi sig frá stjórnarstörfum og í stað hans tók Sigrún Blöndal sæti aðalmanns í stjórn. Sæti varamanns hennar tók Dagur Skírnir Óðinsson. Í lok árs sagði Guðrún Ragna sig einnig úr stjórninni og tók þá Sigríður Þráinsdóttir sæti aðalmanns í hennar stað.

Stjórn kom fjórum sinnum saman á árinu og eru fundargerðir stjórnarfundar aðgengilegar á heimasíðu Minjasafnsins.

4. Opnunartímar

Frá 1. janúar til 31. maí var vetraropnunartími safnsins í gildi en þá var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Tekið var á móti hópum, t.d. skólahópum, utan þess tíma ef óskað var eftir því. Sumaropnunartími tók gildi 1. júní en þá var safnið opið alla daga frá 10:00-18:00. Vetraropnunartími tók síðan aftur við 1. september. Aðgangseyrir að safninu



var 1200 krónur fyrir 18 ára og eldri, 1000 kr fyrir nema, eldri borgara og öryrkja. Þegar um var að ræða hópa sem töldu 10 manns eða fleiri var aðgangseyrir 900 á mann.

5. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2019 voru rúmar 33,6 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir 27,6 milljónum. Þar af voru framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins rúmar 28 milljónir en áætlun hafði gert ráð fyrir tæpum 25,5 milljónum. Ástæða hækkunar á framlögum sveitarfélaganna var rúmlega 2,5 millj. króna viðbótarframlag sem sveitarfélögin greiddu til safnsins vegna hækkunar á launalið. Safnið fékk eina milljón í rekstrarstyrk úr Safnasjóði og aðgangseyrir nam rúmlega 1,6 milljónum sem er nokkur hækkun frá fyrra ári og því sem áætlun gerði ráð fyrir. Þá fékk safnið rúmar 2,5 milljónir í verkefnastyrki (sjá kafla 6).

Rekstrargjöld ársins 2019 námu samkvæmt ársreikningi 45,5 milljónum. Þar af voru laun og launatengd gjöld 22,5 milljónir en áætlun hafði gert ráð fyrir 20 milljónum. Ástæða hækkunar á launalið var endurskoðun og leiðrétting á launum í kjölfar starfsmats BHM. Handbært fé í árslok nam rúmlega 950 þúsund krónum.

Niðurstaða rekstrarreiknings Minjasafnsins fyrir árið 2019 er rekstrartap upp á 11,9 milljónir króna sem er í samræmi við það sem áætlun gerði ráð fyrir. Skýrist niðurstaðan af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 sem nemur 11,9 millj., en umsamið kaupverð á fasteigninni Laufskógar 1 (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2013) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2019 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á heimasíðu safnsins.

6. Styrkir

Minjasafnið fékk samtals 3.570.000 kr. í styrki á árinu. Úr Safnasjóði fékk safnið 1.000.000 kr. rekstrarstyrk og 400.000 kr. verkefnastyri í verkefnið Handverk og hefðir (sjá kafla 11.3). Uppbyggingarsjóður veitti safninu tvo styrki á árinu, annars vegar 500.000 kr. í verkefnið Handverk og hefðir og hins vegar 500.000 kr. í framkvæmdir á sumarhúsi Kjarvals (sjá kafla 7.3). Fljótsdalshérað styrkti einnig verkefnið Handverk og hefðir um 100.000 kr. Þá fékk safnið 600.000 kr. styrk úr Húsafriðunarsjóði til framkvæmda á sumarhúsi Kjarvals og Landsvirkjun styrkti sama verkefni um 400.000 kr. Alcoa Fjarðaál styrkti safnið um 70.000 kr. til að setja upp sýninguna Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld (sjá kafla 10.3).

7. Safnkostur: Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán

Safnkostur Minjasafns Austurlands telur nú hátt í 11.900 grip. Umsýsla safnkostsins er eitt af megin verkefnum Minjasafnsins á hverjum tíma enda ljóst að án hans væri ekkert safn. Stöðugt er unnið að því að bæta varðveisluskilyrði, skráningar og fleira sem við kemur safnkostinum. Þá bætist stöðugt í safnið og ánægjulegt til þess að hugsa hve margir átta sig á mikilvægi þess að varðveita söguna sem felst í efnismenningu okkar.

7.1 Afhendingar og skráningar

Safninu bárust um 135 nýir gripir á árinu sem allir voru ljósmyndaðir og skilmerkilega skráðir í skráningarkerfið Sarp og upplýsingar um þá gerðar aðgengilegar á vefnum Sarpur.is. Á árinu var einnig lokið við að skrá stórt safn textíla úr búi Sigurðar Blöndal skógræktarstjóra á Hallormsstað og Guðrúnar Sigurðardóttur konu hans. Þar á meðal voru peysufatalsífi sem voru meðal þeirra sem sýnd voru á sýningunni Slífsi (sjá kafla 10.2). Áfram var haldið við að ljósmynda þá gripir sem ekki höfðu verið ljósmyndaðir og yfirfara eldri skráningar í Sarpi samhliða því. Átak var gert í að prófarkalesa eldri skráningar, setja þær á ytri vef Sarps og gera þær þar með aðgengilegar almenningi.

7.2 Útlán gripa og notkun í útgáfu

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafnsins. Þá voru

munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik og nokkrir munir á Eiðum á vegum Eiðavina. Af styttri lánum má nefna að listahópurinn Orðið er LAust sem starfaði á vegum Fljótsdalshéraðs síðastliðið sumar, fékk lánaðar ritvélar sem hann nýtti í listasmiðjum þar sem fólk gat fengið samin ljóð eftir pöntun. Þá fékk Hallormsstaðaskóli lánaða kamba og rokka til að nota við kennslu í tóvinnu.


Gripir úr safnkosti Minjasafnsins spiluðu stórt hlutverk í tveimur verkum sem komu út á árinu, annars vegar var þar um að ræða bókina *Kjarval, málarinn sem fór sínar eigin leiðir* eftir Margrét Tryggvadóttur og hins vegar leiknu heimildamyndina *Kjarval og Dyrfjöllin* eftir Ásgeir Hvítaskáld. Í bókinni segir Margrét sögu listamannsins og er hún skrifuð með börn og ungmenni í huga. Bókin er ríklega myndskreytt með myndum af Kjarval, málverkum hans og síðast en ekki síst með myndum af gripum úr safnkosti Minjasafnsins. Myndirnar setja skemmtilegan svip á bókina og hlaut hönnun hennar mikið lof en hún var í höndum Alexöndru Buhl.

Myndin *Kjarval og Dyrfjöllin* er eins og áður sagði leikin heimildamynd en með hlutverk Kjarvals fór Jón Hjartarson. Myndin fjallar um tengsl Kjarvals við samfélagið á Austurlandi, veru hans í sumarhúsinu í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapínghá og samskipti hans við fólkið í sveitinni. Stór hluti myndarinnar var tekin upp í Kjarvalshvammi auk þess sem gripir úr safnkosti Minjasafnsins spiluðu stórt hlutverk.

7.3 Kjarvalshvammur



Framkvæmdir við sumarhús Kjarvals í Kjarvalshvammi héldu áfram á árinu en Minjasafnið er umsjónaraðili húsanna í hvamminum sem er í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapínghá. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að viðhaldi og endurbótum á húsinu með það að markmiði að tryggja áframhaldandi varðveislu þess.



Undirbúningur verkefnisins hófst á árinu 2017 en framkvæmdir hófust haustið 2018. Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari, var fenginn til að hafa yfirumsjón með verkinu en hann hefur víðtæka reynslu af viðhaldi gamalla húsa. Honum til fulltingis var Magnús Eiríksson húsasmíðameistari. Meðfylgjandi mynd tók Gunnar Gunnarsson þegar húsið var sett aftur á undirstöðurnar í byrjun árs 2019.

Í fyrsta áfanga verkefnisins var húsið híft af af undirstöðum sínum, eldri undirstöður fjarlægðar og nýjar forsteyptar einingar settar undir húsið í staðinn. Í öðrum áfanga verkefnisins sem fram fór á árinu 2019, var áhersla lögð á klæðningu hússins og unnið að viðgerð á langhliðum og bakhlið. Framundan er að endurnýja framhlið hússins, laga hurð og gera við glugga. Þá þarf að gera við þakkanta, skipta um þakjárn og klára frágang við sökkul hússins svo útlit samræmist upprunalegu útliti. Vonast er til að fjármagn fáið til að ljúka framkvæmdum á árinu 2020 en verkefnið er alfarið fjármagnað með styrkjum.

Sem fyrr er lögð áhersla á að breyta ekki ásýnd hússins á nokkurn hátt. Markmiðið með framkvæmdunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir frekari skemmdir og tryggja varðveislu hússins um ókomna tíð svo það megi áfram standa í hvamminum sem minnisvarði um listamanninn Jóhannes Kjarval.

8. Gestafjöldi og heimsóknir

Á árinu 2019 heimsóttu 2860 manns Minjasafnið þegar allt er talið og er það örlítið fjölgun frá fyrra ári. Almennir gestir voru tæplega 1980 þar af voru erlendir gestir rúmlega 1250 (1126 fullorðnir og 128 börn). Innlendir gestir voru tæplega 730 (399 fullorðnir og 327 börn) sem er nokkur fækkun frá síðasta ári. Í júní, júlí og ágúst, þegar sumaropnunartími safnsins var í gildi, voru gestirnir 1390 sem er svipaður fjöldi og árið áður. 760 nemendur heimsóttu safnið í skipulögðum skólaheimsóknum sem er umtalsverð fjölgun frá síðasta ári þegar nemendurnir voru rúmlega 600. Þessum nemendum og fylgdu 116 kennarar (sjá nánar um safnfræðslu í kafla 14). Fjölgunin var mest meðal grunnskólanema en fjöldi þeirra fór úr 294 árið 2018 í 490 árið 2019

9. Húsnæðismál

Húsnæðismál safnsins voru að mestu óbreytt ár árinu. Safnið leigði áfram geymslurými af Fljótsdalshéraði undir hluta af safnkostinum en það rými er við Tjarnarás á Egilsstöðum. Megin starfsaðstaða starfskvenna safnsins var flutt milli hæða í Safnahúsinu og niðurstöður bárust úr eftirliti Safnaráðs með húsakosti safnsins.

9.1 Vinnuaðstaða starfsfólks

Á árinu var skrifstofuaðstaða allra þriggja starfsmanna Minjasafnsins sameinuð á miðhæð hússins. Áður hafði safnstjóri haft vinnuaðstöðu á miðhæðinni en aðrir starfsmenn höfðu haft aðstöðu í vinnurými í kjallara hússins þar sem munageymslur safnsins eru einnig. Í gegnum tíðina hefur orðið vart við leka í kjallara hússins og loftgæði hafa á stundum verið slæm sem hefur leitt til slæmra vinnuskilyrða. Auk þess þykir ekki ákjósanlegt að starfsmenn vinni allan daginn í sama rými og notað er til að taka á móti gripum þar sem þeim geta fylgt óhreinindi. Á árinu var því ákveðið að færa skrifstofuaðstöðu starfsmanna úr kjallara og upp á miðhæð hússins. Útbúin var bráðabirgðaaðstaða í september sem starfsmenn fluttu sig þá í og nýttu út árið. Í samráði við Fljótsdalshérað, eiganda Safnahússins, var ákveðið að breyta rými á miðhæðinni, sem á sínum tíma var útbúið fyrir veitingasölu, í skrifstofu enda hefur ekki verið veitingasala í húsinu um árabil og slíkt ekki á döfinni. Vonast er til að aðstaðan verði tilbúin á fyrri hluta næsta árs. Öll skrifstofuvinna starfsmanna mun fara fram í hinu nýja skrifstofurými en öll meðhöndlun gripa mun áfram fara fram í vinnurými í kjallara.

9.2 Eftirlit Safnaráðs

Minjasafnið var meðal 20 viðurkenndra safna á landinu sem valið var til eftirlits Safnaráðs árið 2018. Eftirlitið snéri að húsakosti safnsins, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Um er að ræða einn hluta af þríþættu eftirliti sem Safnaráð hefur með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum Safnaráðs. Á hverju ári eru nokkur söfn valin til að gangast undir eftirlitið og fer það þannig fram að söfnunum er gert að útfylla með ýtarlegum hætti eyðublöð þar sem spurt er um þau atriði er undir eftirlitið falla. Jafnframt þurfa söfnin að skila margvíslegum fylgigögnum svo sem ljósmyndum, teikningum af geymslu- og sýningarrýmum, staðfestingum á virkni öryggiskerfa og niðurstöðum mælinga á raka- og hitastigi og ljósmagni.

Minjasafn Austurlands skilaði af sér öllum umbeðnum upplýsingum og gögnum á tilsettum tíma. Safnaráð skilaði síðan matsskýrslu sinni í mars 2019. Ábendingar og athugasemdir ráðsins voru afar gagnlegar en ekki stórvægilegar. Sama má segja um tillögur ráðsins um úrbætur. Sumar þeirra þarf safnið að klára innan árs, aðrar innan tveggja ára frá tilkynningu um eftirlit og enn aðrar innan fimm ára. Meðal þeirra úrbóta sem ráðið gerði tillögur um var að koma upp IPM skaðvaldavöktun í varðveislu- og sýningarrýmum safnsins (vöktun skordýra), bæta við hita- og rakamælum í sumum varðveislurýmum, koma upp neyðarkistu í sýningarsal og halda áfram á sömu braut við flutning og endurskipulagningu

varðveislurýma. Vinna við að bæta úr þessum atriðum er þegar komin af stað og verður lokið innan settra tímamarka.

10. Sýningar


Sýninga- og viðburðahald Minjasafnsins var blómlegt á árinu. Sumarsýningin var safneignarsýning sem sett var upp í sýningarsal Minjasafnsins. Einnig var sett upp sýning í almennu rými safnahússins auk þess sem Minjasafnið tók þátt í samsýningu á Sarpi.

10.1 Grunnssýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin er tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna *Sjálfbær eining* og hins vegar sýninguna *Hreindýrin á Austurlandi*. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni *Hreindýrin á Austurlandi*, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

10.2 Slífsi

Sumarsýning Minjasafnsins bar yfirskriftina *Slífsi*. Þar voru til sýnis nokkur af þeim fjölmörgu peysufataslífssum sem varðveitt eru á safninu. Þau eru frá ýmsum tímum og eins mismunandi og þau eru mörg en eiga það öll sameiginlegt að hafa prýtt peysuföt austfyrskra kvenna við hátíðleg tækifæri. Sýningarhönnun var í höndum Perlu



Sigurðardóttur hjá PES ehf. Samhliða sýningunni var opnuð vefsýning á Sarpi þar sem áhugasamir gátu skoðað myndir af slífsunum og nálgast nánari upplýsingar um þau.

10.3 Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld



Í tengslum við byggðahátíðina Daga myrkurs opnuðu söfnin í Safnahúsinu sýninguna *Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld*. Sýningin samanstóð af 30 teikningum nemenda á teiknibraut við Myndlistaskólann í Reykjavík sem unnar voru upp úr lýsingum á eftirlýstu fólki sem birtust í Alþingisbókum Íslands (*Acta comitiorum generalium Islandiæ*) frá miðri 17. öld og undir lok 18. aldar. Verkefnið spratt upp úr rannsóknum Daníels G. Daníelssonar, sagnfræðings, fyrir verkefnið *Fötlun fyrir tíma fötlunar* en þar hafði hann m.a. rannsakað þessar lýsingar. Við opnun sýningarinnar flutti Daníel fyrirlestur þar sem hann kynnti rannsóknir sínar og dró fram í dagsljósið nokkra eftirlýsta Austfirðinga fyrri tíma. Sýningin var vel sótt og meðal annars nýtt af grunnskólum á svæðinu.

10.4 Æskan á millistríðsárunum - vefsýning

Minjasafnið tók þátt í vefsýningunni *Æskan á millistríðsárunum* sem opnuð var á Sarpi í byrjun árs. Sýningin var samsýning 16 safna og var liður í að vekja athygli á menningarsögulega gagnasafninu Sarpi. Á sýningunni var hægt að skoða myndir af gripum sem allir áttu það sameiginlegt að tengjast á einhvern hátt æskunni á millistríðsárunum. Þar kenndi ýmissa að grasa og mátti þar m.a. finna leikföng, föt, listaverk og húsgögn svo fátt eitt sé nefnt.

11. Viðburðir og verkefni

Auk sýninga stóð Minjasafnið fyrir margvíslegum viðburðum á árinu. Sem fyrr var lögð áhersla á að höfða til barna og fjölskyldna þeirra en einnig var boðið upp á fræðilega fyrirlestra og fleira.

11.1 Sér hún hátt og vítt um veg

Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, heimsótti Safnahúsið í febrúar og hélt fyrirlestur um rannsóknir sínar fornleifafundinum á Vestdalsheiði 2004 en þar fundust líkamsleifar konu frá 10. öld og mikill fjöldi perla. Fyrirlesturinn var vel sóttur og sköpuðust líflegar umræður.



11.2 Öskupokasmiðja



Á öskudaginn stóðu Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa fyrir öskupokasmiðju í annað sinn. Sem fyrr var það Kristjana Björnsdóttir frá Borgarfirði eystra sem kenndi áhugasömum gestum réttu handbrögðin við öskupokasaum. Gestir smiðjunnar voru á öllum aldri og skemmtu sér konunglega við að sauma marglita poka.

11.3 Handverk og hefðir

Minjasafnið, Hallormsstaðaskóli og Heimilis- iðnaðarfélag Íslands tóku á árinu höndum saman um verkefni sem bar yfirskriftina *Handverk og hefðir*. Markmið þess var að upphefja og miðla áfram gömlum handverkshefðum og aðferðum.

Verkefnið hófst með málþingi sem fram fór í Safnahúsinu laugardaginn 1. júní. Málþingið bar yfirskriftina *Handverk og hefðir – Hvaðan komum við? Hvert stefnum við? Hvar liggja tækifærin?* Á málþinginu voru flutt fimm erindi: Bryndís



Fiona Ford, skólameistari Hallormsstaðaskóla kynnti skólann og nýjar áherslu í skólastarfinu; Margrét Valdimarsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélagsins, flutti erindi sem bar yfirskriftina *Hamingjan býr í handverkinu* þar sem hún kynnti félagið og sagði frá rannsóknum sem hafa sýnt fram á jákvæð áhrif handverks og sköpunar á andlega heilsu; Kristín Vala Breiðfjörð formaður Þjóðháttafélagsins Handraðans kynnti starfsemi þess og Elísabet Steinunn Jóhannsdóttir Sörensen, ein af Spunasystrum, fjallaði um nýtingu á eigin afurðum en hún



hefur ásamt fleirum unnið úr ull af svokölluðu feldfé. Síðast en ekki síst fjallaði Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú, um austfirskar handverksaðferðir og hvernig handverksarfurinn hefur verið nýttur í nútíma sköpun og hönnun.

Að málþingi loknu var boðið upp á viðburð sem nefnist *Út úr skápnum – Þjóðbúningana í brúk!*

Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélagið en félagið hefur staðið fyrir sambærilegum uppákomum víða um land. Eins og nafnið gefur til kynna snýst hann um að ná þjóðbúningum landsmanna út úr skápnum og koma þeim í brúk. Þær Margrét og Kristín Vala svöruðu spurningum gesta og þeim til fulltingis var Lára Elísdóttir klæðskeri. Margir búningaeigendur lögðu leið sína í Safnahúsið og fengu svör við spurningum um breytingar, varðveislu, aldur og margt fleira. Við þetta tækifæri var sýningin *Slífsi* opnuð í sýningarsal Minjasafnsins en nánar er sagt frá henni í kafla 10.2.

Í framhaldi af málþinginu buðu Minjasafnið og Hallormsstaðaskóli upp á smærri viðburði þar sem fjallað var um gamlar handverksaðferðir og þær kenndar. Má þar nefna velsótt tóvinnunámskeið sem fram fór í Hallormsstaðaskóla en þar leiðbeindi Marianne Guckelsberger, gestakennari frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, þátttakendum í tóvinnu með sömu aðferðum og notaðar voru fyrrum, þ.e. að taka ofan af, hæra, kemba og spinna bæði á rokk og halasnældu. Þá stóð Hallormsstaðaskóli fyrir opnu húsi þar sem Ragnheiður Björk Þórsdóttir vefnaðarsérfræðingur fjallaði um vefnað Sigrúnar P. Blöndal. Minjasafnið stóð fyrir tálgunarsmiðju fyrir börn sem var hluti af viðburðadagskrá safnsins í tilefni af BRAS (sjá kafla 14.2) og á jólasamkomu Minjasafnsins og Bókasafns héraðsbúa gestum kennt að steypa tólgarkerti (sjá kafla 11.5).

11.4 Frauen Fische Fjorde

Þýski rithöfundurinn, blaðamaðurinn og sagnakonan Anne Siegel heimsótti Safnahúsið í lok ágúst og las upp úr bók sinni *Frauen Fische Fjorde*. Í bókinni fjallar Anne um sögu þýskra kvenna sem komu hingað til lands á eftirstríðsárunum. Anne hitti bæði þýska landnema og afkomendur þeirra þegar hún vann að



verkinu og segir sögu þessa fólks í bók sinni.

11.5 Líða fer að jólum: Fjölskyldusamvera á aðventu



Í upphafi aðventu buðu Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa til fjölskyldusamveru undir yfirskriftinni *Líða fer að jólum*. Þar var í boði margvísleg jólaleg afþreying og áhersla lögð á að öll fjölskyldan gæti dundað sér saman í friði frá jólaös og stressi. Á bókasafninu svignuðu hillurnar undan jólabókunum og gestum var boðið upp á að fönndra úr gömlum bókum og öðru endurnýtanlegu hráefni. Á Minjasafninu höfðu 13 litlir jólasveinar og fleiri skyldmennir þeirra falið sig víðsvegar um sýningarsalinn og skemmtu yngri gestir sér konunglega við að hafa upp á þeim. Á meðan sveif nostalgían yfir vötnum í sérstakri jólastofu sem starfskonur Minjasafnsins höfðu sett upp í anda 7. áratugarins. Síðast en ekki síst gafst gestum kostur á að prófa að steypa tólgarkerti undir handleiðslu Guðrúnar Sigurðardóttur. Það vakti mikla lukku hjá öllum aldurshópum og margir gestir fóru heim með tólgarkerti sem þeir höfðu sjálfir gert.



12. Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða Minjasafnsins var áfram vel nýtt á árinu. Reynt var að birta fréttir úr starfinu og annað forvitnilegt efni reglulega. Að meðaltali voru settar inn tvær fréttir á mánuði þar sem fjallað var um það sem efst var á baugi í starfinu hverju sinni. Þá var síðan einnig nýtt til að miðla fróðleik um safnkostinn. Á haustdögum hóf nýr liður göngu sína á heimasíðunni en hann ber yfirskriftina *Gripur mánaðarins*. Þar er, eins og nafnið gefur til kynna, fjallað mánaðarlega um einn forvitnilegan grip úr safnkosti safnsins. Færslunum var jafnframt deilt á samfélagsmiðlum. Þá var í annað sinn boðið upp á jóladagatal á heimasíðu og

samfélagsmiðlum safnsins þar sem talið var niður til jóla með því að birta daglega upplýsingar um einn grip úr safnkosti safnsins. Báðir þessir liðir vöktu athygli og voru mikið skoðaðir. Eru þetta dæmi um leiðir til að nýta tæknina til að vekja athygli á fjölbreyttum safnkosti safnsins og gera hann aðgengilegan fleirum. Það er stefna safnsins að gera meira af slíku í framtíðinni.

Minjasafnið var áfram á Facebook og Instagram og voru miðlarnir nýttir til að deila fréttum af daglegu starfi, efni af heimasíðu safnsins svo og áhugaverðu efni frá öðrum aðilum. Þá var Facebook einnig nýtt til að vekja athygli á viðburðum og öðru sem um var að vera á safninu.

13. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Sýningar og viðburðir Minjasafnsins voru auglýstir með margvíslegum hætti. Einblöðungum var dreift á upplýsingamiðstöðvar, hótél og veitingastaði í fjórðungnum og víðar. Auk þess var safnið auglýst á götukorti sem Héraðsprent gaf út og lá frammi á öllum helstu þjónustustöðum á Egilsstöðum og Fellabæ. Þá var safnið auglýst í Kompási, Safnabókinni og Vegahandbókinni auk þess sem auglýsingar voru birtar á Facebook. Safnið var einnig hluti af sameiginlegu auglýsingaátaki safna í útvarpsauglýsingum RÚV og auglýsti þar einnig á eigin vegum. Allir viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á heimasíðu og Facebooksíðu safnsins. Fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla og stærri viðburðir voru auglýstir í staðbundnum miðlum. Nokkuð var um að fjölmiðlar fjölluðu um sýningar og viðburði á vegum Minjasafnsins. Síðast en ekki síst var safnið hluti af þriðja kynningarmyndbandi FÍSOS sem gefið var út á alþjóðlegum degi safna 18. maí. Félagið hefur á undanförunum árum látið gera stutt og skemmtileg kynningarmyndbönd um safngest sem fyrir tilviljun uppgötvar þá töfraheima sem finna má á söfnum landsins og einsetur sér að skoða þau sem flest. Í þriðja myndbandinu er gesturinn kominn austur á land og heimsækir m.a. Minjasafn Austurlands.

14. Safnfræðsla

Safnfræðsla Minjasafnsins hélt áfram að vaxa og dafna á árinu. Fleiri hlutar nýs námsefnis Minjasafnsins litu dagsins ljós og ráðinn var starfsmaður til að sinna fræðslustarfi.

14.1 Skólaheimsóknir

Tekið var á móti 760 nemendum á Minjasafninu á árinu sem töluverð fjölgun frá fyrri árum en árið 2018 voru þeir 613 og árið 2017 tæplega 700. Nemendur leikskóla voru 198, grunnskólanemendur voru 491, framhaldsskólanemendur 60 og háskólanemar 10. Þessum nemendum fylgdu 116 kennarar.



Sem fyrr komu langflestir nemendur úr skólunum á Fljótsdalshéraði og frá þeim skólum sem næst eru safninu. Þá voru kennarar duglegir að nýta námsefni Minjasafnsins, bæði í tengslum við heimsóknir á safnið og einnig heima í skólastofunum.

14.2 BRAS



Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, BRAS, var haldin í annað sinn á árinu. Minjasafnið tók virkan þátt í hátíðinni eins og árið áður og að þessu sinni var hátíðin tvinnuð inn í fræðsluáætlun safnsins fyrir grunnskóla. Grunnskólum var boðið að koma með nemendur sína í sérstakar smiðjur í tengslum við BRAS sem báru yfirskriftina *Þjóðsagna – Stop Motion* en þar voru sagnahefð

fortíðar og sköpunaraðferðir nútíðar sameinaðar í eitt. Verkefnið var þannig byggt upp að nemendur byrjuðu á að vinna með þjóðsögur í skólanum með þeim hætti sem kennarar þeirra vildu. Sumir unnu með þjóðsagnapakkan úr námsefni Minjasafnsins en aðrir kusu að vinna með aðrar sögur. Egilsstaðaskóli óskaði eftir því að starfskonur Minjasafnsins kæmu í heimsókn í skólann og kynntu verkefnið fyrir nemendum og var það auðsótt mál. Nemendur mættu síðan í smiðju í Minjasafninu þar sem þau gerðu hreyfimynd byggða á þjóðsögu að eigin vali undir handleiðslu starfskvenna safnsins. Það var einstaklega gaman að sjá hvað krakkarnir voru áhugasamir og vel undirbúnir. Margir mættu með fullunnin handrit og margvíslega leikmuni.



Myndirnar voru hver annarri frumlegri og hafa þær verið til sýnis á skjá á þriðju hæð Safnahússins.

Þá komu starfskonur Minjasafnsins einnig að framkvæmd bókalistasmiðju Bókasafns Héraðsbúa en þangað var grunnskólanemum boðið að koma og læra að búa til listaverk úr bókum undir leiðsögn Málfríðar Finnbogadóttur.

Auk þess að bjóða grunnskólunum að koma með nemendur í smiðjur bauð Minjasafnið upp á opnar smiðjur fyrir almenning. Smiðjurnar voru þrjár að þessu sinni. Í fyrsta lagi fornleifasmiðja þar sem gestum gafst kostur á að leika fornleifafræðinga og grafa eftir fornleifum í mold. Í öðru lagi leikjasmiðja þar sem boðið var upp á margvíslega leiki og þrautir allt frá víkingatímum til okkar daga. Síðast en ekki síst var efnt til tálgunarsmiðju þar sem börn fengu að læra listina að tálga í tré undir handleiðslu Bjarka Sigurðssonar. Smiðjurnar voru vel sóttar af börnum og fjölskyldum þeirra og heppnuðust afar vel. Samtals lögðu rúmlega 220 börn leið sína í Safnahúsið í tengslum við BRAS að þessu sinni þegar allt er talið.



14.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða

Safnið hélt áfram samstarfi sínu við leikskólann Tjarnarskóg sem felst í því allir nemendur úr næst elsta árgangi skólans koma í fjórar heimsóknir á safnið yfir veturinn. Í hverri heimsókn er tekið fyrir ákveðið þema, þ.e. húsakynni fólks í gamla daga; klæðnaður, matur og leikir barna. Í heimsóknunum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þær umgengnisreglur sem gilda á söfnum og leyfa þeim að snerta og prófa sjálf eins og hægt er. Þá heimsótti safnstjóri leikskólann Hádegishöfða í Fellabæ á bóndadaginn með fræðslu. Hefð hefur skapast fyrir þessum heimsóknum en með þeim er reynt að koma til móts við leikskólann sem á ekki eins auðvelt með að heimsækja safnið og skólarnir sem nær því eru.

14.4 Haustþing KSA og SKAUST

Í september baust Minjasafninu að vera með málstofu á árlegu haustþingi Kennarasambands Austurlands og Skólastjórafélags Austurlands sem fram fór í Egilsstaðaskóla að þessu sinni. Á málstofunni kynnti safnstjóri safnfræðslu og námsefni Minjasafnsins fyrir áhugasömum kennurum sem komu víða að úr fjórðungnum. Að þingi loknu bauð Fljótsdalshérað kennurum í móttöku á Minjasafninu þar sem boðið var upp á léttar veitingar og kennurum gafst kostur á að kynna sér enn frekar sýningar og starfsemi Minjasafnsins.

14.5 Hauksbókarsjóður

Hauksbókarsjóður, sem er í umsjá Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa, veitti eins og undanfarin ár nemendum sem útskrifuðust af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum hvatningarverðlaun sjóðsins. Sjóðurinn er minningarsjóður um Hauk Stefánsson listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði og er hlutverk hans að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Á árinu 2019 útskrifaðist einn nemandi af listnámsbraut Menntaskólans en það var Hreinn Erlingsson.

15 Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf

Starfsfólk safnsins reyndi eftir megni að sækja flesta þá fundi og námskeið sem tengdust á einhvern hátt starfsemi safnsins og hlutverki þess. Þá tók safnið þátt í margvíslegu samstarfi.

15.1 Fundir og seta í stjórnnum og starfshópum

Safnstjóri Minjasafnsins átti sæti í nokkrum stjórnnum og starfshópum á árinu. Fyrst ber þar að nefna starfshóp vegna verkefnisins *Ljóð á vegg* en þar er um að ræða verkefni á vegum Fljótsdalshéraðs sem felst í að skreyta veggi bygginga í sveitarfélaginu með ljóðum. Einn fulltrúi er tilnefndur úr skólasamfélaginu, einn úr Safnahúsinu og einn fulltrúi úr atvinnu- og menningarnefnd. Að þessu sinni var ákveðið að ljóðin skyldu öll vera eftir fyrrverandi eða núverandi nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum en hann fangaði 40 ára afmæli á árinu.

Safnstjóri var skipuð sem annar tveggja fulltrúa Safnaráðs í Minjaráð Austurlands sem heyrir undir Minjastofnun en samkvæmt lögum um menningarminjar skal minjaráð starfa á hverju minjasvæði Íslands. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðið sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins. Ráðið kom þrisvar saman á árinu.

Að loknu málþingi um framtíð byggðahátíðarinnar Daga myrkurs var safnstjóri valinn

í samráðshóp sem ætlað var að finna leiðir til að efla og styrkja hátíðina. Auk safnstjóra sátu fulltrúar frá Austurbrú og sveitarfélögum á Austurlandi í hópnum. Þá sat safnstjóri í stjórn Söguslóða Austurlands og í samráðshópi um Sóknaráætlun Austurlands.

Safnstjóri sat sameiginlegan vörfund höfuðsafna en yfirskrift hans að þessu sinni var *Að mennta börn og ungmenni í söfnum – barnamenning*. Þar var fjallað á margvíslegan hátt um hvernig koma má til móts við þennan mikilvæga markhóp safna auk þess sem boðið var upp á skoðunarferðir í varðveislusetur Þjóðminjasafnsins á Völlum í Hafnarfirði, um nýja sýningu Náttúrugripasafns Íslands í Perlunni og á Listasafn Íslands við Fríkirkjuveg. Að fundi loknum bauð Safnaráð til móttöku þar sem fram fór formlega úthlutun verkefnastyrkja Safnaráðs.

Auk þess sem hér hefur verið rakið sat safnstjóri margvíslega fundi heima í héraði sem snertu á málefnum sem tengdust safninu, s.s. aðalfund Þjónustusamfélagsins á Héraði og kynningarfund um áfangastaðinn Austurland.

15.2 Farskóli FÍSOS

Starfskonur Minjasafnsins tóku að venju þátt í Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) sem var haldinn á Patreksfirði að þessu sinni. Farskólinn er árleg fagráðstefna safnafólks á Íslandi og einn mikilvægasti liður í endurmenntun þess en þar miðlar innlent og erlent safnafólk reynslu sinni og þekkingu.

Í Farskólanum var að venju boðið upp á margvíslega fyrirlestra og málstofur en aðal fyrirlesari ráðstefnunnar var Marie Briguglio frá Malta University. Starfskonur Minjasafnsins sóttu m.a. málstofur um Bláa skjöldinn og öryggismál á söfnum, flutning safnkosts, lifandi söfn, fornleifarannsóknir og safnastarf, menntun barna í söfnum, Sarp og síðast en ekki síst nýjan strúktúr á umsóknum úr Safnasjóði. Auk þess að hlýða á fyrirlestra og taka þátt í málstofum var farið í vettvangsferðir þar sem farskólanemar heimsóttu Byggðasafn Dalamanna, gamla prestsbústaðinn á Brjánslæk, Húsið – Creative Space, Byggðasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti og Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal. Á meðfylgjandi mynd segir Gerhard König áhugasömu safnafólki frá endurbótum á húsum og listaverkum Samúels.



15.3 Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS). Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

15.4 Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

16. Lokaorð

Starfsemi Minjasafns Austurlands var fjölbreytt á árinu 2019 eins og þessi skýrsla ber með sér. Upp úr standa metnaðarfull fræðsluverkefni fyrir börn og fullorðna, aukin stöðugildi við safnið og fjölbreytt viðburðahald. Næsta ár verður ekki síður viðburðaríkt en þá mun Minjasafnið m.s. standa fyrir ráðstefnu á Egilsstöðum í samstarfi við Félag þjóðfræðinga á Íslandi, hafinn er undirbúningur að enn viðameiri fræðsluverkefni í tengslum við BRAS, haldið verður áfram með framkvæmdir í Kjarvalshvammi, safnið mun standa að forvörslunámskeiði fyrir safnafólk í samstarfi við Tækniminjasafn Austurlands, og verður í samstarfi við franska listamanninn François Lelong um sumarsýningu safnsins svo fátt eitt sé nefnt.